

## Stjórnarfundur 1 fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



BLÁKSAMBAND  
ÍSLANDS

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Andri Hnikarr Jónsson, Kristín Hálfánardóttir, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Svandís Þorsteinsdóttir.  
*Afboð og mættu ekki:.*

### Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar
- Skipan nefnda skv. samþykkt ársþings
- Kjörísbikarinn
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Verkaskipting stjórnar

- Jason formaður býður nýja stjórnarmeðlimi velkomin og skipar Stefán varaformann áfram, Árna Jón gjaldkera, Kristínu ritara og Andra Hnikarr meðstjórnanda. Samþykkt.

#### Skipan nefnda skv. samþykkt ársþings

- Hnikarr og Sigurbjörn Árni stjórnari nefnd um endurskoðun reglugerðar um Íslandsmót. Í nefndinni verði Karen Björg Gunnarsdóttir, Harpa Grímsdóttir, Atli Freyr Björnsson.
- Önnur nefnd var skipuð til að hlúa að regluverki yngriflokka. Magni Mar Magnason, Guðrún Kristín Einarisdóttir, Friðrika Marteinsdóttir, Lúðvík Már Matthíasson og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir skipuðu þá nefnd
- Nefndir áttu að skila af sér fyrir lok apríl.

#### Kjörísbikarinn

- Fjárhagsáætlun rædd fyrir Kjörísbikarinn sem og önnur mikilvæg atriði. Ljóst er að samvinna með Fimleikasambandinu verður mikil og nauðsynlegt að allt sé á hreinu milli sambandanna.
- Ákveðið að unglíngalandsliðin sem fara í keppni um páskana verði með veitingasölu og verði boltakrakkar í umsjóninni. Aðra sjálfboðaliða þarf BLÍ að manna.
- Útsendingar frá undanúrslitaleikjunum verða einungis á Sporttv en ekki RÚV eins og hafði staðið til, kostnaður við að vera á RÚV var of mikill.

#### Önnur mál

- Rætt um leigu á gólfi vegna Öldungamóts. Ákveðið að leigan sé 50 þús. krónur per gólf sé það leigt til Öldungamóts BLÍ
- Ákveðið að ráðast í kaup á veifum og barmmerkjum frá M&M.

Fleira var ekki rætt

*Fundi slitið kl. 18:00*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*